

## Reglugerð um Hvataverðlaun ÍF

### **1. grein**

Hvataverðlaunin eru veitt einstaklingum, félagasamtökum, stofnunum, fyrirtækjum eða öðrum aðilum sem á framsækinn hátt hafa unnið í þágu íþróttastarfs fatlaðra á árinu.

### **2. grein**

Markmið Hvataverðlunana er að örva og vekja athygli á því starfi sem fram fer hjá Íþróttasambandi fatlaðra og aðildarfélögum þess

### **3. grein**

Valnefnd, skipuð fulltrúum stjórnar og starfsmanna ÍF, safnar upplýsingum um framsækna aðila sem unnið hafa í þágu íþróttastarfs fatlaðra á árinu og leggur fyrir stjórn ÍF eigi síðar en í lok október ár hvert.

### **4. grein**

Á Hvataverðlaunin, sem er viðurkenning sem vinningshafi hlýtur til eignar, skal rita nafn og ártal vinningshafa.

### **5. grein**

Hvataverðlaunin eru veitt samhliða því er kunngert er val á Íþróttamanni og – konu ársins úr röðum fatlaðra.